

REGLUGERÐ

123

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 245 29. nóv. 1950.

12. júní

1. gr.

Öll hafnsögugjöld samkvæmt reglugerðinni hækki um 100%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

124

um verkun og mat á skreið til útflutnings.

16. júní

1. gr.

Allar tegundir skreiðar skal meta og flokka til útflutnings.

2. gr.

Forstöðumönnum Fiskmats ríkisins er skylt að láta meta fullverkaða skreið, hvenær sem eigandi fisksins óskar þess. Ef fleiri æskja mats samtímis en matsmenn komast yfir, skal yfirfiskmatsmaður leitast við að haga matinu þannig, að fyrst verði bætt úr þeim þörfum, er hann telur brýnastar.

Þegar útflytjandi æskir mats til útflutnings, skal hann um leið tilkynna yfirfiskmatsmanni, til hvaða markaðslands fiskur á að flytjast, svo og þau atriði sölu-samnings, er varða sjálft mat fisksins.

3. gr.

Öll skreið, sem út er flutt, skal aðgreind og flokkuð, og koma þá til greina eftirtalin fimm atriði:

1. Veiði- og verkunarár.
2. Fisktegund.
3. Stærð (mál, tal eða þyngd).
4. Bolfiskur eða ráskorinn fiskur.
5. Gæði.

Þessara atriða skal ætíð geta á matsvottorði, sem gefið er með fiskinum, þegar hann er fluttur út.

Eftir gæðum skiptist skreið í þrjá aðalflokka: I., II. og III. flokk. Heimilt er að pakka gæðaflokka saman, þegar sérstaklega stendur á.

I., II. og III. flokkur skiptast í ýmsa undirflokka, sem nánar eru tilteknir í leiðbeiningum og fyrirmælum, er Fiskmat ríkisins gefur til matsmanna um framkvæmd matsins.